

Nd.

113. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 36, 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík.

Flutningsm.: Hákon J. Kristófersson.

7. gr. 4. málsg. orðist svo:

Ennfremur nær útsvarsskyldan til allra þeirra, sem lögskráðir eru á

skip, sem skrásett eru í Reykjavík, ef þeir eiga eigi fast aðsetur annarsstaðar hjer á landi.

Loks má leggja alt að 5% á launuð störf og aukastörf manna í bæn-um, ef þau nema alls 6000 krónum á ári, þótt eigi sjeu þeir þar búsettir.

Greinargerð.

Vísast til umræðu og upplýsinga þeirra, sem fram komu við 2. um-ræðu deildarinnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 25, 19. júní 1922. (Bæjarstjórn í Hafnarfirði).